

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Andr. Figved, á að vera sýkn af
 kröfum stefnda, Gunnars Ingimundarsonar í
 þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli
 niður.

Mánudaginn 29. apríl 1918.

Nr. 12/1918.

Valdstjórnin
 gegn
 Jafet Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðn-
 um 24. desember f. á. var hinn kærði skipstjóri Jafet
 Sigurðsson dæmdur fyrir brot á 1. gr. laga 30. júlí
 1909 um aflutningsbann á áfengi, sbr. 14. gr. lag-
 anna, til að greiða sekt til landsjóðs, 1000 kr. og
 allan kostnað sakarinnar; ólöglega aðflutt áfengi var
 dæmt upptækt og eign landssjóðs. Þessum dómi hefir
 verið skotið til yfirdómsins, bæði eftir ósk hins kærða
 og af hálfu valdstjórnarinnar.

Sakarefni er svo vaxið, að kærði, er var skip-
 stjóri á motorbátnum »Úlfur« flutti með tédum bát í
 júlímánuði í fyrra frá Kaupmannahöfn áfengisvörur
 hingað til lands; flutti hann áfengið fyrir nafngreind-

an mann, er einnig var með bátnum. Þegar hann kom upp undir Engey utanvert við Reykjavíkurhöfn 19. júlí f. á., hleypti hann áfenginu er var í pokaumbúðum og kassa, þar niður í sjóinn, og virðist hafa fest dufl eða smáspitur við. Segir kærði að þetta hafi verið á 8—10 faðma dýpi, svo sem 200—300 faðma frá landi. Nóttina á eftir milli 19. og 20. júlí, fanst áfengið þarna, stjórað niður, segir í prófunum og var það tekið upp að ráðstöfun lögreglustjóra; lögregluþjónninn, er var við að taka upp áfengið, hefir skýrt svo frá að dýpið hafi líklega verið 2—4 faðmar, og fjarlægðin frá landi tæplega 200 faðmar, þar er áfengið fanst. Áfengið reyndist vera 1907 flöskur af ýmsum vinföngum í 82 pokum og einum kassa.

Vörn kærða í málinu er sú, að hér hafi eigi verið um einn innflutning áfengis að ræða, hann hafi ekkert áfengi flutt í land hér og eigi gert tilraun til þess, því hann hafi látið varpa áfenginu í sjóinn fyrir utan eyjar. En þegar það er athugað, að kærði tók vinföngin til flutnings vitandi að tilætlun eigandans var að koma þeim hér í land, að hann hleypti þeim niður í sjóinn mjög skamt frá landi, þar sem vatn var grunt, að hann festi þau þar með stjóra og tengdi dufl eða smáspitur við, og hann skyldi þannig við vörur þessar, að hægðarleikur var fyrir eiganda eða umráðamenn þeirra, er var með bátnum og sá hvernig farið var með vörurnar, að nálgast þær síðar, — verður vörn hans eigi talin fullnægjandi, en það verður að lita svo á, að hann hafi »flutt áfengan drykk til Íslands« í þeim skilningi, er leggja

verður í þessi orð í 1. grein aðflutningsbannslaganna, og með því brotið gegn nefndri lagagrein. Þar sem kærði einnig í héraði var sakaður um brot á 5. gr. laganna, þá er ekkert framkomið í málinu, er styðji þá kæru, og var hann því réttilega sýknaður af henni fyrir lögregluréttinum. Eftir 14. gr. laganna virðist mega ákveða sektina fyrir brot hins kærða 500 kr. og renni hún í landsjóð. Ákvæði lögregluréttardómsins um vínföngin, að þau skuli gerð upp-tæk og um málskostnað staðfestast. Kærði verður eftir þessum úrslitum og að greiða allan áfrýjunar-kostnað málsins, þar með talin málflytningu laun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn er ákveðst 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Jafet Sigurðsson greiði 500 kr. sekt, er renni í landsjóð. Að öðru leyti skal lögregluréttardómurinn vera óraskaður. Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu laun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálflytningu manna Odds Gíslasonar og Eggerts Claesen, 15 kr. til hvors.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna eftir lög-

birtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. apríl 1918.

Nr. 76/1917.

Sigríður Þorláksdóttir

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Sigríður Þorláksdóttir fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, dags. 15. sept. 1916, gegn bæjarstjórn Reykjavíkur til greiðslu á andvirði fyrir 2,65 dagsláttur af landi erfðafestueignarinnar Rauðarár við Reykjavík, og var því ráðið til lykta með dómi bæjarþingsins 19. júlí 1917, á þá leið, að bæjarstjórnin skyldi sýkn af kær-um og kröfum stefnandans, Sigríðar Þorláksdóttur, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdóms með stefnu dags. 8. sept. 1917, og krafðist þess að dómnum verði breytt *ad allega* þannig, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði dæmd til að greiða henni andvirði nefndra 2,65 dagsláttna á 2400 kr. eða 6360 kr., að frádregnum 20% eða 1272 kr., þ. e. kr. 5088.00, eða *til vara* þannig, að bæjarstjórnin verði dæmd til að greiða henni andvirði 1.38 dagsláttu á 2400 kr. að frádregnum 20% þ.e. 2649 kr. 60 a., að viðbættum 6% vöxt-